

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 193/2011

2016/EES/19/02

frá 28. febrúar 2011

um framkvæmd á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1445/2007 að því er varðar  
gæðastýringarkerfið sem notað er í tengslum við jafnvirðisgengiFRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-  
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.  
1445/2007 frá 11. desember 2007 um sameiginlegar reglur um  
veitingu grunnupplýsinga um jafnvirðisgengi og útreikning og  
miðlun á því <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (EB) nr. 1445/2007 er komið á sameigin-  
legum reglum um veitingu grunnupplýsinga um jafn-  
virðisgengi og útreikning og miðlun á því.
- 2) Lágmarksgæðastaðlar vegna grunnupplýsinga sem  
aðildarríki eiga að veita, lágmarksgæðastaðlar fyrir full-  
gildingu á niðurstöðum verðkönnunar og kröfur um  
skýrslugjöf og mat eru tilgreind í 5. þætti I. viðauka við  
reglugerð (EB) nr. 1445/2007.

3) Nauðsynlegt er að skilgreina frekar sameiginlegu gæða-  
viðmiðanirnar og snið gæðaskýrslnanna.4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,  
eru í samræmi við álit nefndarinnar um evrópska hag-  
skýrslukerfið.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Sameiginlegu gæðaviðmiðanirnar og snið gæðaskýrslnanna  
varðandi jafnvirðisgengi, eins og kveðið er á um í reglugerð  
(EB) nr. 1445/2007, skulu vera eins og sett er fram í viðaukanum  
við þessa reglugerð.

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist  
í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. febrúar 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 56, 1.3.2011, bls. 1. Hennar var getið  
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2011 frá 2. desember  
2011 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn,  
sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 15, 15.3.2012,  
bls. 53.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 336, 20.12.2007, bls. 1.

## VIÐAUKI

**Sameiginlegu gæðaviðmiðanirnar og snið gæðaskýrslna****1. Skrá yfir heimildir og aðferðir sem notaðar eru við könnun Hagstofu Evrópusambandsins vegna jafnvirðisgengis („skrá um jafnvirðisgengi“)**

Til að uppfylla kröfurnar í lið 5.3.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1445/2007 skal hvert aðildarríki leggja fram skrá yfir þær heimildir og aðferðir sem notaðar eru við könnun Hagstofu Evrópusambandsins á jafnvirðisgengi (hér á eftir nefnd „skrá um jafnvirðisgengi“).

Efnisskipan skrárinnar um jafnvirðisgengi skal byggð á ýmsum liðum grunnupplýsinga sem kveðið er á um í tengslum við reglugerð (EB) nr. 1445/2007 og vera eftirfarandi:

1. Skipulag landsbundinna kannana um jafnvirðisgengi og bakgrunnsupplýsingar
2. Neysluvörur og þjónusta
  - 2.1. Verðkannanir á neysluvörum
    - Inniheldur upplýsingar um eftirlitsstofnun, úrtöku, það sem er lýsandi, fullgildingu og tímabundna og landfræðilega leiðréttingastuðla
  - 2.2. Þjónusta, tengd húsnæði
    - Inniheldur upplýsingar um gagnalindir og gæði þeirra, samræmi við skilgreiningar og allar breytingar sem hafa verið gerðar
3. Opinber þjónusta (einungis launakönnun)
  - Inniheldur upplýsingar um gagnalindir og gæði þeirra, samræmi við skilgreiningar og allar breytingar sem hafa verið gerðar
4. Fjárfestingarvörur og þjónusta
  - 4.1. Tæki og búnaður
    - Inniheldur upplýsingar um eftirlitsstofnun, úrtöku, það sem er lýsandi, fullgildingu
  - 4.2. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
    - Inniheldur upplýsingar um eftirlitsstofnun, gagnalindir og gæði þeirra, það sem er lýsandi, fullgildingu
5. Lokaneytlukostnaður á verga landsframleiðslu
  - Inniheldur upplýsingar um gagnalindir og gæði þeirra, samræmi við skilgreiningar og allar breytingar sem hafa verið gerðar

Hvert aðildarríki skal leggja fram uppfærða skrá um jafnvirðisgengi í janúar ár hvert ef breytingar hafa orðið á heimildum og aðferðum á næstliðnu ári.

**2. Skýrslur um verðkönnun á neysluvörum**

Til að uppfylla kröfurnar í lið 5.3.3. í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1445/2007 skal hvert aðildarríki leggja fram skýrslu fyrir hverja verðkönnun á neysluvörum. Efnisskipan skýrslunnar skal vera þessi:

1. Forkönnun
2. Verðkönnun
3. Fullgilding á landsvísu
4. Fullgilding á milli landa

Skýrslurnar skulu innihalda upplýsingar til viðbótar við skrárnar um jafnvirðisgengi.

**3. Gæðaviðmiðanir**

Viðmiðanirnar, sem notaðar eru við mat á gæðum þeirra grunnupplýsinga sem veittar eru, skulu vera eins og mælt er fyrir um í 12. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur <sup>(2)</sup>, ásamt lágmarkskröfunum sem mælt er fyrir um í 5. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1445/2007.

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.